

305. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins Gylfaflöt 5, mánudaginn 1.10.2012, kl.7.30.

Mættir eru:

Oddný Sturludóttir, Ómar Stefánsson, Herdís Sigurjónsdóttir, Hjördís Jóna Gísladóttir, Páll Hilmarsson og Bjarni Torfi Álfþórsson. Margrét Gauja Magnúsdóttir boðar forföll. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni Hjarðar og skrifstofustjóri Sigríður B. Einarsdóttir.

Tekið fyrir:

1. Drög að rekstraráætlun 2013 - 2017

Framkvæmdastjóri kynnir drög að rekstraráætlun 2013 – 2017, í mismunandi útgáfum þar sem tekjuáætlun er sett upp með mismunandi forsendum. Drögin rædd. Samþykkt óbreytt afsláttarfyrirkomulag árið 2013 en sökum fyrirliggjandi fjárfestinga er gert ráð fyrir hækjun gjaldskrár í áföngum til ársins 2017.

2. Heimild til töku yfirdráttarláns

Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að taka yfirdráttarlán hjá viðskiptabanka fyrirtækisins (Arionbanka) allt að 50 milljónum. Heimildin gildi til 1. október 2013.

Yfirdrátturinn er öryggisatriði til að tryggja greiðslur frá SORPU um mánaðarmót vegna mögulegs dráttar á greiðslum frá viðskiptavinum.

Hjördís Jóna Gísladóttir fer af fundi.

3. Staða umsóknar um starfsleyfi fyrir urðunarstað í Álfnesi

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir bréf frá Umhverfisstofnun dagsett 18. September 2012. Efni: Umsókn um starfsleyfi fyrir urðunarstað á Álfnesi.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að koma sjónarmiðum SORPU á framfæri.

4. Umsögn um drög að landsáætlun

Framkvæmdastjóri kynnir svarbréf SORPU til Umhverfisráðuneytis dagsett 10. september 2012 er varðar: Umsögn um drög að landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013 – 2024.

5. Úrskurður kærunefndar útboðsmála

Framkvæmdastjóri leggur fram úrskurð kærunefndar útboðsmála í máli númer 16/2012 þar sem Íslenska gámafelagið kærði SORPU bs. vegna útboðsins „Endurvinnslustöðvar – Gámaleiga, flutningur og losun gáma frá endurvinnslustöðvum SORPU“. Kærunefndin vísaði málunu frá.

6. Önnur mál

Stjórn óskar eftir að teknar verði saman upplýsingar um þróun á gjaldskrá SORPU bs svo sem forsendubreytingar útreikninga síðastliðin 10 ár.

7. Tímasetning næsta stjórnarfundar

Næsti fundur stjórnar verður haldinn mánudaginn 29.október, klukkan 7.30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 10.10.
Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir.

Bjarni H. Halldórsson
Bjarni H. Halldórsson
Hjördís Jóna Gísladóttir
Hjördís Jóna Gísladóttir

Oddný Sturludóttir
Ómar Stefánsson
Herdís Jóna Gísladóttir
Bjarni Torfi Álfþórsson
Páll Hilmarsson